

# Abstract

The project's objective was to research the impact of training and education in manufacturing companies. The project contained the following research questions; *Do manufacturers emphasise on training and education within their companies? Is there any connection between training and education, and labor turnover, job satisfaction and employee initiative?*

These researches were done in cooperation with the three following manufacturing companies located in Akureyri; Brauðgerð Kr. Jónssonar, Kexsmiðjan and Kjarnafæði. During the process of these researches both deep interviews and questionnaires were used. These deep interviews were performed on one of the executives of each company and provided the authors of this project aspects and valuations of the executives on training and education within their companies. The questionnaire consisted of 24 questions which reflected the answers for the research-questions this project set out with. The sample for the questionnaire was stratified into layers and involved all employees working on the production sector of these three organisations, apart from those that didn't speak icelandic. The sample consisted of 93 employees in total.

The main conclusions were that these three organisations don't seem to put much effort into training and education. The conclusions also showed that the majority of the employees believe that some training might affect issues like their self-confidence and job initiative. It can also be concluded that training might increase job satisfaction and reduce the probability of labor turnover

The project's keywords were:

- ✿ Education
- ✿ Training
- ✿ Initiative
- ✿ Labor turnover
- ✿ Job satisfaction

# Útdráttur

Markmið verkefnisins var að athuga áhrif þjálfunar og fræðslu í framleiðslufyrirtækjum. Lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar: *Leggja framleiðslufyrirtæki áherslu á þjálfun og fræðslu? Tengist þjálfun og fræðsla starfsmannaveltu, starfsánægju og frumkvæði starfsmanna?*

Unnið var í samstarfi við þrjú framleiðslufyrirtæki á Akureyri sem eru Brauðgerð Kr. Jónssonar og Co, Kexsmiðjan og Kjarnafæði. Við framkvæmd rannsóknarinnar var notast við bæði djúpviðtöl og spurningalista. Djúpviðtölin voru lögð fyrir einn yfirmann úr hverju fyrirtæki og fengu höfundar með því álit yfirmanna á þjálfun og fræðslu og mat þeirra á áhrifum þjálfunar og fræðslu í þeirra fyrirtæki. Spurningalistinn samanstóð af 24 spurningum sem endurspegluðu þá rannsóknarþætti sem höfundar lögðu upp með. Úrtakið fyrir spurningalistann var lagskipt úrtak og fól það í sér alla starfsmenn sem vinna að framleiðslunni innan fyrirtækjanna þriggja undanskilið þeim starfsmönnum sem ekki eru íslenskumælandi. Úrtakið í heildina samanstóð af 93 starfsmönnum samtals.

Helstu niðurstöður voru þær að ekki er lögð mikil áhersla á þjálfun og fræðslu meðal fyrirtækjanna. Aðrar niðurstöður voru þær að meirihluti starfsmanna telja að þjálfun geti haft áhrif á þætti eins og sjálfsöryggi þeirra og frumkvæði í starfi. Einnig benda niðurstöður til þess að með þjálfun megi auka starfsánægju og draga úr líkum á því að starfsmenn hugsi sér til hreyfings úr starfi.

Lykilorð verkefnisins voru:

- Fræðsla
- Þjálfun
- Frumkvæði/nýsköpun
- Starfsmannavelta
- Starfsánægja